Fullgild rafræn undirskrift
ALDEY TRAUSTADÓTTIR
2026-09-16 16:32:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SÆVAR ÞÓR HALLDÓRSSON
2026-09-16 16:38:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÍVAR KARL HAFLIÐASON
2026-09-16 16:49:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
URÐUR GUNNARSDÓTTIR
2026-09-16 16:50:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HJALTI ÞÓR VIGNISSON
2026-09-16 18:23:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚST ELVARSSON
2026-09-17 08:18:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVEINN HREIÐAR JENSSON
2026-09-17 08:55:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SNORRI INGIMARSSON
2026-09-25 16:39:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURJÓN ANDRÉSSON
2026-09-25 17:35:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Vatnajökulsþjóðgarður

Fundargerð

**227. fundur svæðisstjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs,
haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 16. september 2026, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:
Sigurjón Andrésson, formaður svæðisstjórnar
Ívar Karl Hafliðason, varaformaður svæðisstjórnar
Aldey Unnar Traustadóttir, formaður svæðisráðs norðursvæðis
Urður Gunnarsdóttir, formaður svæðisráðs austursvæðis
Hjalti Þór Vignisson, formaður svæðisráðs suðursvæðis
Sveinn Hreiðar Jensson, formaður svæðisráðs vestursvæðis
Sævar Þór Halldórsson, varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Snorri Ingimarsson, aðalfulltrúi útivistarsamtaka
Ágúst Elvarsson, aðalfulltrúi ferðamálasamtaka á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Samtaka ferðaþjónustunnar

Starfsfólk:
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar
Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur á þróunarsviði
Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri
Sif Jóhannesar Ástudóttir, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði
Anna Ragnarsdóttir Pedersen, þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður á vestursvæði

1. **Fundargerðir svæðisráða - af vettvangi rekstrarsvæða**

   Formenn svæðisráða kynntu fundargerðir frá 161. og 162. fundi svæðisráðs suðursvæðis, 140. fundi svæðisráðs austursvæðis, 128. fundi svæðisráðs vestursvæðis og 128. fundi svæðisráðs norðursvæðis.

   Til kynningar

   Urður Gunnarsdóttir kom inn á fundinn.

2. **Rekstraráætlun 2027 - 202609-0034**

   Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri, kom inn á fundinn. Til umræðu var undirbúningur við gerð rekstraráætlunar 2027, í samvinnu svæðisstjórnar og stjórnenda Náttúruverndarstofnunar.

   Svæðisstjórn telur mikilvægt að tryggt verði við gerð rekstraráætlunar að vinna við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar og atvinnustefnu geti haldið áfram óhikað.

   Einnig fóru fram nokkrar umræður um fyrirhugað náttúru- og innviðagjald. Svæðisstjórn leggur áherslu á að tekjur af náttúru- og innviðagjaldi innan Vatnajökulsþjóðgarðs nýtist áfram til reksturs, viðhalds og uppbyggingar þjóðgarðsins.

   Björgvin Valdimarsson og Aldey Unnar Traustadóttir viku af fundi.

3. **Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs - heildarendurskoðun. 1. áfangi-Verkefnislýsing - 202604-0044**

   Sif Jóhannesar Ástudóttir, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði, kom inn á fundinn og kynnti lokaútgáfu verkefnislýsingar fyrir stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Gerð var grein fyrir breytingum frá fyrri útgáfu, þeim breytingum sem stjórn lagði til á síðasta fundi og breytingu á texta um kortlagningu víðerna í tilefni af nýrri reglugerð þar um. Verkefnislýsing fyrir endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs lögð fram til samþykktar.

   Svæðisstjórn samþykkir fyrirliggjandi verkefnislýsingu. Verkefnislýsingin fer nú í fjögurra vikna kynningar- og samráðsferli og verður birt á vef þjóðgarðsins.

   Sif Jóhannesar Ástudóttir vék af fundi.

4. **Siglingar á Jökulsárlóni - 202608-0029**

   Ágúst Elvarsson vék af fundi undir þessum lið.

   Anna Ragnarsdóttir Pedersen, þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis, kom inn á fundinn og upplýsti, ásamt formanni svæðisráðs suðursvæðis og forstjóra Náttúruverndarstofnunar um stöðu mála er varðar samninga um siglinga á Jökulsárlóni.

   Formaður svæðisráðs suðursvæðis, forstjóri Náttúruverndarstofnunar og þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis funduðu þann 27. ágúst með fulltrúum frá umhverfis, orku og loftslagsráðuneytinu um samninga um siglingar á Jökulsárlóni.

   Þau greindu frá því að verið er að vinna í því að framlengja núgildandi samninga um siglingar á Jökulsárlóni um þrjú ár.

Svæðisstjórn tekur jákvætt í að núverandi samningar um siglingar á Jökulsárlóni verði framlengdir tímabundið til þriggja ára, þannig að svigrúm skapist til vandaðs undirbúnings framtíðarfyrirkomulags.

Svæðisstjórn leggur jafnframt áherslu á að fyrirkomulag gjaldtöku á framlengingartímabilinu verði skýrt, sanngjarnt og fyrirsjáanlegt og taki mið af þeirri þjónustu, aðstöðu og innviðum sem starfsemin byggir á.

Svæðisstjórn óskar eftir að tillögur að útfærslu framlengingar verði unnar áfram og lagðar fyrir svæðisráð suðursvæðis áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen vék af fundi. Ágúst Elvarsson kom aftur til fundar.

5. **Önnur mál**

1. Forstjóri ræddi hagnýt atriði hvað varðar samþættingu vinnu við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar annars vegar og atvinnustefnunni hins vegar.

2. Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður á vestursvæði kom inn á fundinn og sagði frá fyrstu dögum opnunar vegar um Vonarskarðs.

Fundargerð ritaði: Sigurður Óskar Jónsson, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:14.